



Of lágur lífeyrir almannatrygginga, of miklar skerðingar og of háir skattar á lágur tekjur lífeyrisþega festa alltof marga örorkulífeyrisþega í fjötrum fátæktar. Öryrki sem aflar sér allt að 200 þúsund króna aukatekjur með atvinnuþátttöku eða með sparnaði í lífeyrissjóðum nær varla endum saman vegna skerðinganna og skattanna.

Velferðarkerfið ætti að styðja mun betur við afkomu þeirra sem þurfa á því að halda og hvetja jafnframt til sjálfsbjargar með atvinnuþátttöku frekar en að leggja stóra steina í götu hennar. Núverandi fyrirkomulag er bæði óréttlátt og óskynsamlegt. Löngu tímabært er að taka fast á þessum göllum velferðarkerfisins.

## Öryrkjar í fjötrum fátæktar

Öryrkjar og einstæðir foreldrar eru þeir þjóðfélagshópar sem mest hafa orðið fyrir barðinu á fjárhagsþrengingum og fátækt hér á landi. Í umtalsverðum fjölda tilvika bitnar það einnig á börnum (sjá skýrslu Kolbeins H. Stefánssonar **Lífskjör og fátækt barna á Íslandi, frá 2019**). Helstu orsakir þessa eru ófullnægjandi greiðslur íslenska velferðarkerfisins, of háir skattar á lágur tekjur og í tilvikum einstæðra foreldra sá ómöguleiki sem felst í því að reka heimili fyrir börn með einni fyrirvinnu.


Hér verður varpað nýju ljósi á þessa stöðu öryrkja með því að skoða þann grunn sem er á lífeyri almannatrygginga, ofnotkun skerðinga og of mikla skattbyrði lágra tekna. Þetta verður sérstaklega skoðað í samhengi við framfærslukostnað, bæði einhleypra og sambúðarfólks með börn. Fókusinn er sérstaklega á lágtekjufólk í hópi öryrkja, sem er stór hluti hópsins.

### Of lágur lífeyrir TR

Stjórnvöld hafa oft freistast til að hafa grunn almannatrygginga of lágan, það er óskertan lífeyri TR (hámarkið sem greitt er áður en til skerðinga kemur). Á mynd 1 má sjá hvernig óskerti lífeyririnn hefur verið sem hlutfall lágmarks-launa frá 2009 til 2022. Ferillinn hefur verið meira og minna niður á við.

### Óskertur lífeyrir TR sem % af lágmarkslaunum 2009 til 2022

Einstaklingur sem býr einn og sambúðarfólk. Bláa línan=lágmarkslaun



Mynd 1 Grunnur lífeyris almannatrygginga í samanburði við lágmarkslaun á vinnumarkaði (%), 2009 til 2022. Heimild: TR og Efling-stéttarfélag.

Ef hámarks lífeyrir TR hefði haldið í við lágmarkslaunin á tímabilinu þá hefði hann verið 100 á myndinni öll árin. Bláa línan stendur fyrir lágmarkslaunin. Strax eftir hrunið 2008 fékk Jóhanna Sigurðardóttir þáverandi félagsmálaráðherra um 20% hækkun á óskerta lífeyrinn og fór hann þá upp í

115% af lágmarkslaunum fyrir einhleypa og fyrir hvort hjóna/sambúðarfólks varð hann næstum jafn lágmarkslaunum (98% þeirra). Þetta var óvenju rifleg hækkun á einu ári og var til þess hugsuð að halda lífeyrisþegum yfir fátæktarmörkum í gegnum kreppuna sem fylgdi fjármálahruninu.

Síðan lækkaði hlutfallið og lífeyririnn dróst afturúr lágmarkslaunum á vinnumarkaði, stig af stigi. Á árinu 2015 var hámarks lífeyrir fyrir einhleypa orðinn einungis 95% af lágmarkslaunum og hvort hjóna fékk einungis 81%, sem er afar lítið. Með hækkun árið 2017 fór hlutfallið fyrir einhleypa upp til jafns við lágmarkslaun (100) en engin hækkun kom þá til lífeyrisþega í sambúð. Þetta stóð í tvö ár en þá lækkaði lífeyririnn aftur niður fyrir lágmarkslaunin. Nú er óskertur lífeyrir fyrir einhleypa 95% af lágmarkslaunum á árinu 2022 (að teknu tilliti til nýlegrar hækkunar ríkisstjórnarinnar) og hjá hvoru hjóna/sambúðarfólks er hann einungis um 76% af lágmarkslaunum.

Að lífeyrir TR hækki minna en lágmarkslaun á vinnumarkaði er skýrt brot á 69. grein laganna um almannatryggingar (sjá grein Kolbeins H. Stefánssonar, „Lásar gera bara gagn ef þeir eru læstir: Um 69. grein laga um almannatryggingar“)

Svona lágur grunnur almannatrygginga kemur sérstaklega illa við fólk sem hefur litlar tekjur frá lífeyrissjóðum eða af atvinnu samhliða lífeyristöku og bitnar þetta sérstaklega illa á örorkulífeyrisþegum.

Eitt er að hafa lágan grunn almannatrygginga en þegar hann skerðist síðan óvenju snemma og hratt þá verður niðurstaðan fyrir lífeyrisþega sérstaklega óhagstæð. Hætta á lágtekjuvanda blasir við. Það er einmitt staða örorkulífeyrisþega nú og hefur verið lengi.

Skoðum nú framfærslustöðu öryrkja með því að bera saman grunn almannatrygginga og tvö dæmi um aukatekjur frá lífeyrissjóðum eða af atvinnuþátttöku. Þessum tekjudæmum er síðan stillt upp á móti framfærslukostnaði sem byggir á uppfærðum grunni félagsmálaráðuneytisins (neysluviðmið) að viðbættum meðal leigukostnaði fyrir 60 fm íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Tekið er tillit til húsaleigubóta og þegar kemur að öryrkjum í sambúð með 2 börn þá er einnig tekið tillit til barnabóta.

## Afkoma einhleypa öryrkja

Fyrst skoðum við einhleypa öryrkja sem hefur engar aukatekjur frá lífeyrissjóði (dálkur 1 í töflunni), þá öryrkja sem hefur 100.000 kr. á mán. frá lífeyrissjóði (dálkur 2) og svo öryrkja með 200.000 kr. á mán. úr lífeyrissjóði (dálkur 3). Sýnt er hvernig greiðslur frá TR breytast við hækkun aukateknanna og einnig hvernig tekjuskatturinn hækkar.

Sá sem er án nokkurra aukatekna frá lífeyrissjóðum hefur ekki fyrir framfærslukostnaði samkvæmt þessum forsendum, hann er raunar með halla upp á 44.512 kr. á hverjum mánuði. Hann verður annað hvort að fara í minna húsnæði og lakara að gæðum og/eða að spara við sig nauðsynjar í daglegri neyslu. Ef öryrki án aukatekna fer í 45 fm leiguíbúð er hann enn með um 4.000 króna halla á mánuði.

Ef við horfum þá á dálk 2 og skoðum hversu miklu það breytir fyrir öryrkjann að hafa 100.000 kr. úr lífeyrissjóði þá er útkoman sú að þrátt fyrir tekjuauka upp á 100 þús. krónur þá minnkar hallinn einungis úr 44.512 í 23.459 kr. Ástæðan fyrir þessum litla árangri er sú að greiðslur frá TR skerðast um rúmar 66.000 krónur og síðan hækkar tekjuskatturinn einnig.

Ráðstöfunartekjur öryrkjans hafa þannig einungis hækkað um rúmar 21.000 krónur af þessum 100 þúsund krónum sem hann fær frá lífeyrissjóði. Ávinningur ríkisins af skerðingum og sköttum vegna lífeyrissparnaðarins er hins vegar miklu meiri, eða um 78.744 krónur. Öryrkinn fær 21,2% af þessum lífeyrissparnaði en ríkið um 78,7%. Þetta er með slíkum ólíkindum að mönnum má fyrirgefa þó þeir trúir því ekki að þetta sé svona! En þetta er meðferðin á lágtekju lífeyrisþegum í íslenska velferðarkerfinu.

## Afkoma öryrkja í janúar 2022

Einstaklingur: Byr einn í 60m<sup>2</sup> leiguíbúð; Örorka við 40 ára aldur; Þrjú reiknidæmi - miðað við mismunandi tekjur frá lífeyrissjóði

Framfærsla láglaunafólks	Grunnur TR -engar aðrar tekjur	100 þ. úr lífeyrissjóði	200 þ. úr lífeyrissjóði
Lífeyrir alls	364.295	397.903	430.985
- Frá lífeyrissjóði	0	100.000	200.000
- Frá TR	364.295	297.903	230.985
<b>Frádreminn skattur</b>	<b>-60.655</b>	<b>-73.007</b>	<b>-85.561</b>
Ráðstöfunartekjur öryrkja	303.640	324.896	345.424
- Ávinningur öryrkja af lífeyrissjóðssparnaði	0	21.254 (21,2%)	41.784 (20,4%)
- Ávinningur ríkisins af lífeyrissjóðssparnaði öryrkjans	0	78.744 (78,7%)	158.216 (79,6%)
<i>Framfærslukostnaður:</i>			
Án húsnæðiskostnaðar	-215.595	-215.595	-215.595
Með húsnæðiskostnaði (165þ.)	-380.612	-380.612	-380.612
Húsnæðisbætur	32.460	32.257	28.618
<b>Halli í hverjum mánuði</b>	<b>-44.512</b>	<b>-23.459</b>	<b>-6.570</b>

Í dálki þrjú er svo dæmið lagt eins upp og þá með helmingi meiri lífeyrissparnaði öryrkjans í lífeyrissjóði. Með því að hafa safnað upp í að fá 200.000 krónur á mánuði frá lífeyrissjóði þá lækkar hallinn á heimilisrekstrinum einungis niður í 6.570 krónur á mánuði. Meira þarf til. Skerðingarnar og rifleg skattbyrði af svona lágum tekjum aftra því að jafnvel 200.000 króna tekjur frá lífeyrissjóði duga ekki alveg til að ná endum saman.

Á næstu töflu skoðum við sömu dæmi fyrir öryrkja sem fær ekkert aukalega frá lífeyrissjóði en aflar sér aukatekna með atvinnuþátttöku, fyrst 100.000 kr. og síðan í dálki 3 er miðað við 200.000 krónur á mánuði.

## Afkoma öryrkja í janúar 2022

Einstaklingur: Byr einn í 60m<sup>2</sup> leiguíbúð; Örorka við 40 ára aldur; Þrjú reiknidæmi - miðað við mismunandi tekjur af atvinnuþátttöku

Framfærsla láglaunafólks	Grunnur TR -engar aðrar tekjur	100 þ. í atvinnutekjum	200 þ. í atvinnutekjum
Lífeyrir alls	364.295	399.295	439.651
- Frá lífeyrissjóði	0	100.000	200.000
- Frá TR	364.295	299.295	239.651
<b>Frádreminn skattur</b>	<b>-60.655</b>	<b>-73.535</b>	<b>-88.850</b>
Ráðstöfunartekjur öryrkja	303.640	325.760	350.801
- Ávinningur öryrkja af lífeyrissjóðssparnaði	0	22.120 (22,1%)	47.161 (23,6%)
- Ávinningur ríkisins af lífeyrissjóðssparnaði öryrkjans	0	77.880 (77,9%)	152.839 (76,4%)
<i>Framfærslukostnaður:</i>			
Án húsnæðiskostnaðar	-215.595	-215.595	-215.595
Með húsnæðiskostnaði (165þ.)	-380.612	-380.612	-380.612
Húsnæðisbætur	32.460	32.104	27.665
<b>Halli í hverjum mánuði</b>	<b>-44.512</b>	<b>-22.748</b>	<b>-2.146</b>

Í sem skemmstu máli má segja að þetta breyti litlu. Atvinnutekjur skila örhlitlu meira, vegna þess að frítekjumark vegna þeirra er hærra en frítekjumark gagnvart lífeyrissjóðstekjum. Það ætti raunar að vera mun hagstæðara en þarna kemur fram að hafa hærra frítekjumark gagnvart atvinnutekjum, en

þar eð framfærslutryggingin sem skerðist extra mikið er hluti af greiðslum frá TR fyrir öryrkja með svona lágar heildartekjur þá nýtist fritekjumarkið ekki sem skyldi.

## Mjög erfitt að bæta afkomuna

Megin lexían af þessum reiknidæmum er sú, að almannatryggingakerfið og tekjuskattskerfið streitast gegn því að öryrkjar geti bætt afkomu sína með hvort sem er lífeyrisparnaði í lífeyrissjóðum eða með atvinnuþátttöku. Þetta heitir raunar að festa fólk í fátæktargildrum.

Lífeyrisþegar sem hafa meira en 600.000 kr. í lífeyri frá lífeyrissjóðum og þufa þar af leiðandi ekki að stóla á almannatryggingar geta hins vegar bætt afkomu sína verulega með einhverri atvinnuþátttöku. Þannig bitnar skerðingarkerfi almannatrygginga einkum á lágtekju lífeyrisþegum.

Þessi skipan sem felst í ofnotkun skerðinga ofan á of lágan grunn almannatrygginga er hvorki réttlát né skynsamleg.

Auðvitað ætti að vera auðvelt fyrir lágtekju öryrkja að bæta afkomu sína með atvinnuþátttöku ef vinnugeta er fyrir hendi. Auðvitað ætti fólk að fá að njóta betur lífeyrissparnaðar í lífeyrissjóðum frekar en að ríkið njóti þess í miklu meiri mæli.

Skoðum þá lítilla stöðu öryrkja í sambúð með 2 börn á heimilinu. Maki vinnur fulla vinnu á lágmarkslaunum.

## Afkoma öryrkja í sambúð

Það sem breytist mest við að vera í sambúð er að öryrkinn missir heimilisuppbótina sem þýðir að hann hefur umtalsvert minna frá TR en þeir sem búa einir. Samanlagðar tekjur öryrkja og fullvinnandi maka á lágmarkslaunum verða því lægri en hjónum sem bæði eru á fullum lágmarkslaunum. Framfærslukostnaður er hins vegar sá sami og húsaleigubætur hækka lítilla. Hallinn verður því afar mikill, eða um 119.000 krónur á mánuði. Halli hjá lágtekjuhjónum með 2 börn sem bæði vinna fulla vinnu á lágmarkslaunum væri hins vegar rúmlega 89.000 krónur.

### Afkoma öryrkja í sambúð

Hjón: 2 börn (1 yngra en 7 ára); 85m<sup>2</sup> leiguíbúð; Maki á lágmarkslaunum

Framfærsla láglaunafólks	Janúar 2022
Óskertur lífeyrir öryrkja án heimilisuppbótar	292.261
Lágmarkslaun (-iðgjald í lífeyrissjóð)	353.280
Skattstofn samtals	645.541
<b>Fráðreginn skattur</b>	<b>-113.070</b>
Útborguð laun	532.471
<i>Framfærslukostnaður:</i>	
Án húsnæðiskostnaðar	-530.071
Með húsnæðiskostnaði (165þ.)	-763.845
Barnabætur	57.583
Húsnæðisbætur	54.449
Tekjur og bætur samtals	644.503
<b>Halli í hverjum mánuði</b>	<b>-119.342</b>

Endar nást sem sagt ekki saman - raunar langt því frá. Hjónin geta farið í 60 fm íbúð af lakari gæðum, sem er erfitt fyrir fjögurra manna fjölskyldu, en það mun ekki duga til. Þau þurfa annað hvort að komast í mikla aukavinnu eða að skera niður við sig í nauðsynjum daglegs heimilisreksturs - sennilega hvoru tveggja. Þetta getur ekki orðið annað en mikið basl.

Þessi harðneskjulega virkni almannatryggingakerfisins gagnvart örorkulífeyrisþegum er ítarlega skýrð í skýrslu Eflingar **Kjör lífeyrisþega**, sem kom út 2021.

## Niðurstaða

Fjárhagsþrengingar hafa lengi fylgt örorkulífeyrisþegum, vegna þess að almannatryggingakerfið býður upp á of lágan lífeyri, sem að auki byrjar að skerðast vegna annarra tekna of snemma og of hratt, sérstaklega gagnvart tekjum frá lífeyrissjóðum.

Kerfið gerir lífeyrisþegum einstaklega erfitt fyrir við að bæta hag sinn með atvinnuþátttöku samhliða lífeyristökunni. Þá nýtist sparnaður í lífeyrissjóðum alltof illa til að bæta afkomu lífeyrisþega. Jafnvel þó öryrki hafi rétt til 200 þúsund króna greiðslna frá lífeyrissjóði þá dugir það varla til að ná endum saman fyrir einhleypan lífeyrisþega sem býr einn.

Afkoma lífeyrisþega í sambúð og með 2 börn á heimilinu er öllu verri því hann missir heimilisuppbótina. Róður fjölskyldu með örorkulífeyrisþega verður því þyngri en róður tveggja fyrirvinna sem báðar eru á lágmarkslaunum - og var sá róður þó alltof þungur.

Of lágur lífeyrir almannatrygginga, of miklar skerðingar og of háir skattar á lágar tekjur lífeyrisþega festa alltof marga örorkulífeyrisþega í fjötrum fátæktar. Velferðarkerfið ætti að styðja mun betur við afkomu þeirra sem þurfa á því að halda og hvetja jafnframt til sjálfsbjargar með atvinnuþátttöku frekar en að leggja stóra steina í götu hennar. Slíkt er bæði óréttlátt og óskynsamlegt.

### Fyrri hefti af Kjarafréttum (sjá á [www.efling.is](http://www.efling.is)):

**Nr. 1:** Barnabætur eru of lágar á Íslandi

**Nr. 2:** Íbúðaverð hækkar og hækkar - en vaxtabætur lækka og lækka

**Nr. 3:** Á lengri ævi menntafólks að lækka lífeyri verkafólks?

**Nr. 4:** Hallarekstur á heimilum láglaunafólks

**Nr. 5:** Ísland og Sviss með hæsta framfærslukostnað í Evrópu

**Nr. 6:** Afleit staða leigjenda í frumskógi óhefta markaðarins

**Nr. 7:** Öryrkjar í fjötrum fátæktar

### Nánari upplýsingar:

Stefán Ólafsson / [stefan@efling.is](mailto:stefan@efling.is) / sími 891 8656

Aðstoð við gagnavinnslu:

Stefán Andri Stefánsson, hagfræðingur